


» ... miðjumöð, sálarlausar og kraftlitlar ballöður sem minna frekar á Johnny Hates Jazz 35

Myndlist

Garðyrkjustörf með málningu

Magnús Helgason opnar sýningu í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, kl. 17:00 í dag. Hann nefnir sýninguna *Ég er ekki safnhaugur, ég er ánamaður* – *Garðyrkjustörf með málningu*. Í kynningu á sýningunni segir að verkin mótist af röð tilviljana, sem eru færð í stíl-inn til að ná fram réttu yfirbragði.



Ein mynda Magnúsar

Magnús Helgason lauk námi frá AKI, Akademie voor beel dende kunst in Enschede í Holland árið 2001.

Hann hefur kennt við LHÍ, haldið málverkasýningar og unnið fjölmargar sýningar við tónlistarflutning þekktara tónlistarmanna.

Sýningin stendur til 24. október. Sýningarstjóri er Yean Fee Quay.

Vísindi


Ranghugmyndin um guð á bók

Ornstunga hefur gefið út bókina *Ranghugmyndin um guð* eftir Richard Dawkins í þýðingu Reynis Harðarsonar. Bókin kom út á ensku fyrir fjórum árum undir heitinu *The God Delusion* og hefur selst metsölu víða um heim.

Richard Dawkins, fæddur 1941 í Nairobi, er breskur atferlisfræðingur, þróunarlíf-fræðingur og rithöfundur. Árið 1995 varð hann fyrstur til að gegna prófessorsstöðu fyrir „Public Understanding of Science“ við Oxford-háskóla og gegndi henni til 2008.

Fyrsta bók Dawkins, *The Selfish Gene*, vakti heimsathygli þegar hún kom út 1976 og varð metsölbók víða um heim. Í bókinni varpar hann nýju ljósi á þróunarkenningu Darwins með framgangi genanna sem orsök og drifjöður þróunarinnar. Bókin telst nú til grundvallarrita þróunarlíffræðinnar.

Reynir Harðarson skrifar einnig eftirmála að bókinni og tók saman orðskýringar.



Kápa bókarinnar.



Morgunblaðið/RAX

Ísheimar Myndir Ragnars eru „uppfullar af helgimyndalegum andlitsformum sem virðast líft og birtast undan bráðnandi yfirborði íssins“.

Ísmyndir Raxa í Kína

● Sýnir myndir af ís úr Jökulsárlóni á Heimssýningunni í Sjanghæ

Á laugardag verður opnuð í Sjanghæ í Kína sýning á ljósmyndum Ragnars Axelssonar af ís úr Jökulsárlóni, en myndir úr þeirri myndröð þekja ytra byrði íslenska skálans á Heimssýningunni í Sjanghæ. Ragnar hefur tekið myndir af ís úr lóninu undanfarin ár og sýna þær svipi og form sem birtast í jökunum þegar þá hefur rekið úr lóninu og út á haf og ísinn slípast í sjónum og rekur aftur á land. Ísmyndirnar eru stækkaðar upp þannig að skálinn líti út eins risavaxin ísblokk og þegar skyggja tekur myndar lýsing bak við íshuluna kynjamyndir.

Nokkrar af ísmyndum Ragnars voru sýndar í sýningarsal bókaútgáfunnar Crymogeu á Listahátíð í Reykjavík í vor, þar á meðal mynd sem sýnir einskonar Kristsmýnd í ís. Einn af þeim sem komu á sýninguna var einn þekktasti listgagnrýnandi Bandaríkjanna, David D'Arcy, og um helgina birtist á Artnet umfjöllun hans um Íslandsheimsóknina, þar sem hann segir meðal annars þetta um sýningu Ragnars: „[...] margslungin mynstrin í bráðnandi ísnum geta sýnt þokkafull líft og æðar í viði eða laufum eða úfin eins og óstýrlátt hraun. Möguleikarnir eru endanlegir.“

Og þannig er það með þessar nýju myndir RAX, þær eru einnig uppfullar af helgimyndalegum andlitsformum sem virðast líft og birtast undan bráðnandi yfirborði íssins. [...] Eilífðin hefur aldrei sýnst jafn brothætt.“

Sýning Ragnar er í tilefni af svokölluðum þjóðardegi Íslands á Heimssýningunni og verður forseti Íslands viðstaddur opnunina, auk þess sem fleira íslenskt listafólk mun koma þar við sögu, þar á meðal Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari sem flytur m.a. verk eftir Jón Leifs, Atla Heimi Sveinsson, Bárú Grímsdóttur og Hjálmar H. Ragnarsson.

BESTA DANSKA SPENNUSAGAN
2008
2. PRENTUN KOMIN

„Ég gat ekki lagt bókina frá mér og mun hiklaust mæla með henni ...“

INGVELDUR GEIRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



3. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON



Söngperlur Sænska sópransöngkonan Elisabeth Wärnfeldt.

Söngtónleikar í Hveragerðiskirkju

Á laugardag kl. 17:00 halda þær Elisabeth Wärnfeldt sópransöngkona og Anna Málfríður Sigurðardóttir píanóleikari tónleika í Hveragerðiskirkju. Á tónleikunum, sem bera yfirskriftina *Söngvar lífsins*, eru þekktar söngperlur m.a. eftir Grieg, Sibelius, Rachmaninov og Mahler, ásamt ariú Rúsöllu úr samnefndri óperu Dvoráks.

Elisabeth Wärnfeldt sópransöngkona fæddist í Stokkhólmi. Hún stundaði framhaldsnám í söng við Hochschule für Musik und darstellende Kunst í Vínarborg þar sem hún hlaut Birgit Nilsson verðlaunin

og Richard Wagner námsstyrk.

Anna Málfríður Sigurðardóttir stundaði framhaldsnám við Guildhall School of Music and Drama í London.

Að loknu kennara- og einleikaraprófi hefur Anna Málfríður stundað kennslu, en jafnframt haldið fjölmarga tónleika, bæði hér heima og erlendis og meðal annars komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Städtisches Orchester Trier.

Miðar verða seldir við innganginn í Hveragerðiskirkju u.þ.b. hálf tíma fyrir tónleikana